

# Umsögn

## framkomnar athugasemdir við kynningu á áformum um friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs.

Umhverfisstofnun kynnti áform um friðlýsingu Fjarðárgljúfurs að hluta sem náttúruvættis þann 12. febrúar 2024. Frestur til að gera athugasemdir eða senda inn ábendingar var til og með 11. mars.

Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook síðu Umhverfisstofnunar auk þess sem tölvupóstur var sendur á samráðsaðila í samræmi við samráðsáætlun. Alls bárust athugasemdir og ábendingar frá fimm aðilum.

Umhverfisstofnun ásamt samstarfshópi þakkar öllum sem gáfu sér tíma til að lesa yfir gögn og senda inn athugasemdir og ábendingar. Hér verður gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma.

*Mynd: Daníel Freyr Jónsson  
Fjaðrárgljúfur*



## Athugasemdir

## Svör Umhverfisstofnunar

<p><b>Vegagerðin</b></p> <p>Ekki athugasemdir m.v. þá afmörkun sem kynnt var.</p>	
<p><b>Náttúrufræðistofnun Íslands</b></p> <p>Talið var óheppilegt að friðlýsa ekki allt gljúfrið.</p> <p>Bent á að gæta skuli þess að innviðauppbýgging dragi úr álagi á gróður og jarðveg og gætt verði að áskýnd.</p> <p>Lögð áhersla á að tryggð verði landvarsla á svæðinu.</p>	<p>Í kjölfar samráðs við landeigendur Holts var ákveðið friðlýsing næði ekki yfir land Holts 1 og 2 að svo stöddu. Æskilegt hefði verið að friðlýsa stærri hluta gljúfursins en ekkert er því til fyrirstöðu að slíkt væri gert síðar ef áhugi verður fyrir því.</p> <p>Í friðlýsingaskilmálum verður fjallað um leyfisskyldu nýframkvæmda á svæðinu ásamt því sem markmið friðlýsingar verður að vernda gróður, jarðminjar og áskýnd.</p> <p>Gert er ráð fyrir að landvarsla verði ætíð á svæðinu.</p>
<p><b>Skotvís – Skotveiðifélag Íslands</b></p> <p>Félagið leggur áherslu á að grein um notkun skotvopna verði í samræmi við markmið friðlýsingar.</p>	<p>Ekki er gert ráð fyrir að veiðar verði takmarkaðar innan friðlýsta svæðisins umfram það sem um getur í vopnalögum nr. 16/1998 og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum nr. 64/1994.</p>

<p><b>Samgöngustofa</b></p> <p>Umferðarmannvirki séu miðuð við væntanlegt umferðarmagn og með öryggi heimsækjenda í huga.</p> <p>Útsýnispallar með hvíldarbekkjum verði á völdum stöðum. Reiknað verði með umferð fatlaðra s.s. í hjólastólum. Hindra ætti umferð fólks að hættulegum stöðum eins og klettasnösum.</p> <p>Næsta flugbraut við svæðið er við Kirkjubæjarklaustur og því lítil hætta af dæmigerðu flugi þarna framhjá.</p> <p>þarf að takmarka drónaflug og aðra flugumferð um svæðið.</p>	<p>Ekki er gert ráð fyrir umferðarmannvirkjum innan hins friðlýsta svæðis, þ.e. mannvirki fyrir vélknúin ökutæki.</p> <p>Uppbyggingu og stýringu mannfjölda innan svæðisins verður í þágu öryggis gesta og til verndar náttúrufari. Ætíð er kapp lagt á að innviðir bæti upplifun gesta og að tekið sé tillit til þarfa ólíkra hópa eins og kostur er.</p> <p>Ekki er talin þörf á að settar séu sérreglur um flug á svæðinu.</p> <p>Ekki er gert ráð fyrir frekari takmörkunum á notkun dróna umfram þær sem reglugerð nr. 990/2017 kveður á um.</p>
<p><b>Landvernd</b></p> <p>Samtökin fagna friðlýsingu og fagna því að forkaupsréttur ríkisins haldist þrátt fyrir kaupin.</p> <p>Treysta því að vernd og uppbygging svæðisins verði tryggð með friðlýsingu og að almannaréttur verði tryggður.</p>	<p>Friðlýsing takmarkar ekki almannarétt nema ef náttúruverndarhagsmunir krefjast þess. Settir verða friðlýsingaskilmálar sem fólki ber að fylgja s.s. að fylgja göngustígum um svæðið.</p> <p>Gert er ráð fyrir að 1. og 2. gr. friðlýsingar marki þá umgjörð sem þarf um hið verndaða svæði svo að svæðið verði verndað til framtíðar. Í samstarfi ríkis og landeigenda er stefnt að því að svæðið verði aðgengilegt gestum og að uppbygging þjóni gestum og viðhaldi verndargildi.</p>